

**10. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 20. júní 2023
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Skólastjóri Tálknafjarðarskóla, Birna Hannesdóttir og Ágústa Ósk Aronsdóttir, deildarstjóri mæta á fundinn og kynna hugmyndir um uppbyggingu og framkvæmdir á skólalóð.

Hugmyndir barna í Tálknafjarðarskóla kynntar og ræddar í tengslum við deiliskipulagsvinnu á skólasvæði.

Samþykkt

2. Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar - 2306283

Fyrir liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Breytingin gengur út að gert er ráð fyrir aukningu á framleiðslumagni úr 200 t í 1000 t hámarkslífmassa og er einungis breyting á greinargerð aðalskipulagsins.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir vék af fundi undir þessum lið. Ekki tókst að boða varamenn á fundinn.

Við yfirferð á aðalskipulagstillögu kom fram athugasemd um að gæta yrði að losun efna sem notuð eru við endurnýtingu vatns valdi ekki hækkun á sýrustigi í frárennsli. Tryggja þarf að notkun efna sem notuð eru sem buffer (caustic soda) valdi ekki umhverfismengun í frárennsli stöðvarinnar þar sem þetta efni veldur eitrun hjá sjávardýrum ef um eitthvað magn er að ræða. Ennfremur er bent á að Gileyri telst ekki á mjög brimasömu svæði þar sem Hópið er skjólsamt.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og leggur til við sveitarstjórn að hún fái málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

Samþykkt

3. Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar - 2210466

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar unnin af M11 arkitektum. Breytingin gengur út að gert er ráð fyrir aukningu á framleiðslumagni úr 200 t í 1000 t hámarkslífmassa.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir vék af fundi undir þessum lið. Ekki tókst að boða varamenn á fundinn.

10. fundur
29.06.2023

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að nauðsynlegt er að fylgjast grannt með súrefnismettun og sýrustigi sjávar og bregðast við ef þolmörk lífkerfisins eru í hættu.

*Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi og leggur til við sveitarstjórn að hún fái málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða.*

Samþykkt

4. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Erindi frá Fiskistofu dags. 12.06.2023 þar sem komið er á framfæri umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Tálknafjarðar 2019-2039.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir kom aftur inn á fundinn.

Skipulagsnefnd telur að hugsanlega sé um lax- og silungsveiðimöguleika í Botnsá og Hólsá í Tálknafirði en ekki er vitað um veiðimöguleika í öðrum ám í Tálknafirði nú orðið.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)